

Samfella og heildstæð námskrá fyrir hvern nemanda



Ráðherra ásamt nemendum í Menntaskólanum á Akureyri

Á síðustu misserum hefur ráðuneytið stutt við þróunarverkefni í nokkrum framhaldsskólum með það að markmiði að innleiða nýjar áherslur í námi og kennslu í takt við [lög um framhaldsskóla frá 2008](#) og áherslur í nýjum námskrám. Ráðherra hefur verið að kynna sér mismunandi útfærslur tilraunaskólanna og fór nú síðast í heimsókn í [Menntaskólann á Akureyri](#).

Í megindráttum á allt nám í MA að miða meira að því en áður að auka virkni, gagnrýna hugsun og ábyrgð nemenda. Að kenna vinnubrögð og viðhorf er nú ekki síður mikilvægt stef í kennslunni en ákveðin þekkingaratriði. Kennarar þurfa nú að leggja meiri áherslu á samstarf til að tryggja samfellu og heildstæða námskrá fyrir hvern nemanda.

Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra þakkaði fyrir þann eldmód og djúrfung sem virtist einkenna allt mótunarstarfið í MA. Eftirtektafvert þótti að áherslurnar

snerust ekki síst um inntak námsins. En á tímum tæknihyggju hafa umræður um skólastarf gjarnan snúist um form, s.s. lengd náms, rekstrarform, einingar o.s.frv. Eins virtist ekki einungis eiga að lýðræðisvæða nám nemenda heldur virtist breytingaferlið vera unnið í anda lýðræðis og samvinnu. Þegar slíkur hefðaskóli eins og MA stendur fyrir jafn afgerandi breytingum má segja að hið meinta náttúrulegumál að gamlir skólar séu þeir síðustu til að breytast og þróast sé nú með öllu hnekk. Katrín taldi mikilvægt að sem flestir fengju tækifæri til að læra af þessum þróunarverkefnum og að árangur af þeim yrði metin.

Ráðuneytið hyggst standa fyrir málþingi nú á haustmánuðum þar sem brautryðjendum á framhaldsskólastiginu gefst tækifæri til að kynna sína hugmyndafræði og útfærslu, skiptast á skoðunum og læra hver af öðrum.

Æskan - rödd framtíðar 20. - 21. maí 2010

Eitt af helstu verkefnum Íslands á formennskuári í Norrænu ráðherranefndinni 2009 var framkvæmd samanburðarrannsóknar á högum, líðan og lífsstíl meðal norrænna ungmenna, 16-19 ára. Rannsóknin var gerð á öllum Norðurlöndunum, þ.m.t. Færeyjum Grænlandi og Álandseyjum.

20. – 21. maí næstkomandi mun ráðuneytið standa fyrir ráðstefnu þar sem niðurstöður rannsóknarinnar verða kynntar. Kynningu á niðurstöðunum verður fylgt eftir með fyrirlestrum og málstofum þar sem stjórnálamenn, fræðimenn og aðrir sem tengjast ungu fólki munu fjalla um hvernig á að halda áfram að vinna að framkvæmd núverandi stefnu og hvernig hægt er að auðvelda aukna samvirkni milli stefnu og aðgerða Norðurlanda í málefnum ungmenna.

Málstofur á ráðstefnunni munu fjalla um:

- Tungumál og menningu
- Menntun og tölvunotkun
- Jafnrétti, lífsstíl og þátttöku í íþrótt- og æskulýðsstarfi
- Áhættuhegðun og vímuefni
- Andlega heilsu á unglingsárum

Tungumál ráðstefnunnar er enska.

Á ráðstefnunni verða settar fram hugmyndir um áframhaldandi vinnu við framkvæmd núverandi stefnu í æskulýðsmálum innan Norrænu ráðherranefndarinnar í átt að því markmiði að Norðurlöndin eigi að vera besti staður í heimi fyrir ungt fólk.

Skráning og allar frekari upplýsingar um ráðstefnuna má finna á vefsíðunni www.nyr2010.is

Yfir 400 störf við rannsóknir og þróun



Frá undirritun samkomulagsins 9. apríl

Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra og Hanna Birna Kristjánsdóttir, borgarstjóri, undirrituðu samning á Háskólatorgi sl. föstudag þess efnis að ráðuneytið og Reykjavíkurborg leggi aukíð fé í [Nýsköpunarsjóð námsmanna](#). Heildarframlagið mun nema 120 milljónum króna; 90 milljónir króna koma frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu og 30 milljónir króna frá Reykjavíkurborg. Stuðningurinn gerir yfir 400 háskólanemum mögulegt að stunda sumarvinnu við nýsköpun og rannsóknir.

Innritun í framhaldsskóla fyrir haustönn 2010

Innritun í dagskóla er rafræn og fer fram á www.menntagatt.is og verður sem hér segir:

12. til 16. apríl

Forinnritun nemenda í 10. bekk.

Nemendur, fæddir 1994 eða síðar, fá bréf frá ráðuneytinu með veflykli og leiðbeiningum. Ráðuneytið hvetur nemendur eindregið til að taka þátt í forinnrituninni.

20. apríl til 31. maí

Innritun eldri nemenda, fæddir

1993 eða fyrr, sem ekki eru nú í framhaldsskóla eða ætla að skipta um skóla. Umsækjendur geta nálgast veflykli á www.menntagatt.is.

7. til 11. júní

Lokafrestur 10. bekkinga til að

innrita sig eða breyta umsóknum úr forinnritun. Einkunnir nemenda verða sendar rafrænt til þeirra skóla sem þeir völdu á miðnætti 11. júní.

Starfsbrautir fyrir fatlaða

Innritun á starfsbrautir fyrir fatlaða nemendur er ekki rafræn. Þeir sem ekki hafa þegar sótt um geta sent framhaldsskólum skriflega umsókn fyrir 16. apríl næstkomandi. Umsóknum um nám á starfsbrautum verður svarað í síðasta lagi í lok apríl.

Nánari upplýsingar eru veittar í mennta- og menningarmálaráðuneytinu og á www.menntagatt.is.

